

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá Einari K. Guðfinnssyni, Jóni Gunnarssyni,  
Ásbirni Óttarssyni og Sigurði Inga Jóhannssyni.

1. Við 2. gr. bætist nýr stafliður, d-liður, svohljóðandi: Við 10. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þegar um frístundafiskiskip er að ræða er 20% af andvirði selds afla ekki skipt milli útgerðar og áhafnar vegna sérstaks eðlis frístundaveiða heldur rennur sá hluti óskiptur til útgerðar.
2. Við ákvæði til bráðabirgða I. Í stað orðanna „í Átak til atvinnusköpunar“ í 2. mgr. komi: til byggðaáætlunar.
3. Við ákvæði til bráðabirgða II bætist nýr málsliður svohljóðandi: Sé úthlutunin bersýnilega í ósamræmi við aflahlutdeild síðustu þriggja ára er ráðherra heimilt að ráðstafa heimildum á þann veg að þær endurspegli aflareynslu.
4. Við ákvæði til bráðabirgða V. 3. másl. orðist svo: Verð á aflaheimildum skal þó ekki vera hærra en 75% af meðalverði í viðskiptum með aflamark, sem birt er á vef Fiskistofu, í lok dags daginn áður en viðskipti fara fram og skal það greitt Fiskistofu fyrir úthlutun.